

Alþingi

Erindi nr. 5116 / 1563

komudagur 11 / 11 1992

Virðisaukaskattur - námsbækur

Í eftirfarandi samantekt verður fjallað um vandamál sem upp kunna að koma ef námsbækur verða undanþegnar virðisaukaskatti.

A. Framkvæmd verður erfiðari.

Bókhald þeirra sem munu selja námsbækur verður mun flóknara þar sem söluaðilar munu vera með þrjú þrep í virðisaukaskatti:

1. 0 - skatt á námsbækur.
2. 14% skatt á bækur á íslenskri tungu.
3. 24,5% skatt á annarri sölu.

Halda verður sölnunni aðgreindri eftir því hvaða skattþrepi hún tilheyrir. Gera verður kröfu um aðgreiningu í bókhaldi á innkaupum eftir því hvaða virðisaukaskatt þau bera.

B. Skattfyrvöld.

Nauðsynlegt verður að hafa sérstakt eftirlit með þeim rekstraraðilum sem eru með blandaða veltu, þ.e. selja vörur í mismunandi skattþrepum. Þetta getur þýtt að ráða þurfi sérstaklega starfsmenn til skatteftirlits með þessum aðilum.

C. Möguleikar á undandrætti aukast.

Möguleikar á undandrætti aukst vegna flókens uppgjors þeirra sem selja vörur í öllum skattþrepunum.

D. Undanþágan veldur túlkunarörðugleikum.

Slík undanþága mun valda mörgum vandamálum varðandi túlkun á því hvað teldist vera námsbók og hvað ekki. Og er slík undanþága fallin til þess að taka til fleiri tilvika þegar fram í sækir en talið var upphaflega. Hér á eftir verður varpað fram ýmsum spurningum sem upp kunna að koma ef námsbækur verða undanþegnar virðisaukaskatti:

1. Tekur undanþágan bæði til námsbóka á íslenskri tungu og erlendri?
2. Tekur undanþágan til orðabóka og skáldsagna og ef svo er verða þessar bækur í sumum tilvikum undanþegnar og öðrum tilvikum ekki?

3. Hvenær er bók námsbók og hvenær ekki? Hvaða skilyrði verða fyrir undanþágunni? Er bók námsbók þegar nemendur þurfa að kaupa bókina varðandi nám sitt? Hvenær ætti þá að selja bók með 0-skatti?

Væri það skilyrði sett fyrir undanþágunni að nemandi sýndi skólaskírteini við kaup? Ef svo væri þá er alveg ljóst að engir myndu kaupa skáldsögur eða orðabækur nema nemendur í skólum landsins.

Ef farin verður önnur leið til þess að ákvarða hvenær bók telst vera námsbók og hvenær ekki þá yrði mjög sennilega að ákveða sérstaklega í hverju einstöku tilviki hvort bók teldist vera námsbók og hvenær ekki.

Minnisblað um húsnæðissparnaðarreikninga og hlutafjárflátt

Á árinu 1992 er hámarksafsláttur vegna innleggs á húsnæðissparnaðarreikninga 107 þús. krónur á ári fyrir einstakling. Frádráttur vegna hlutabréfakaupa var 94 þús. krónur á einstakling sem samsvarar rúmlega 37 þús. krónum í skattafslætti. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvemig þessir afsláttarliðir hafa þróast á tímabilinu 1988-1991 samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum:

Húsnæðissparnaðarreikningar og hlutafjárfláttur

	1988	1989	1990	1991
Innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga, m.kr.	29	50	77	471
Fjöldi	304	446	582	3.152
Áætlaður skattafsláttur, m.kr.	7	13	19	118
Frádráttarbær hlutafjárkaup, m.kr.	70	392	1.670	812
Fjöldi	10.364	11.435	9.611	6.279
Áætlaður skattafsláttur, m.kr.	25	148	664	323

Skattlagning ferðapjónustu

Í frumvarpi til laga um breytingar í skattamálum koma fram margvíslegar breytingar sem áhrif hafa á ferðapjónustu og skylda starfsemi. Þar er meðal annars lagt til að lagður verði 14% virðisaukaskattur á fólksflutninga og gistipjónustu frá og með 1. janúar 1994. Þessi starfsemi hefur ekki innheimt VSK af þjónustu sinni en hins vegar borið VSK (innskattinn) sem hluta af rekstrarkostnaði. Þessi breyting er talin skila ríkissjóði 500-600 m.kr. á heilu ári. Samhliða þeirri breytingu verður tryggingagjald ferðapjónustu, sbr. 3. tl. 36.gr. fyrrgreindra laga, lækkað úr 6% í 2,5%, sem rýrir tekjur ríkissjóðs um 250 m.kr. Þá verður aðstöðugjaldið fellt niður um næstu áramót. Í eftirfarandi töflu er stillt upp áætluðum áhrifum síðartöllu breytinganna á þær greinar sem tengjast ferðapjónustu með beinum hætti. Hér er tekjuskattur fyrirtækja raunar undanskilinn, en á árinu 1992 nam tekjuskattur lögaðila í þessum greinum nálægt 80 m.kr.

	Álagning aðstöðugjalds 1993 m.kr.	Lækkun trygg.gjalds m.kr. ¹⁾	Samtals m.kr.
Flugrekstur	64	83	147
Ferðaskrifstofur	39	25	64
Gististaðir	31	42	73
Veitingastaðir	129	70	199
Fólksflutningar	34	30	64
SAMTALS	297	250	547

1) Lækkun tryggingagjalds úr 6% í 2,5%.

Fyrirhugaðar breytingar
á virðisaukaskatti 1993 og 1994

	Áhrif á heitu ári m.kr.	Þar af innheimt 1993 m.kr.
1. 14% VSK á húshitun frá 1. janúar 1993	560	465
Frá dragast endurgreiðslur	-190	-140
Tekjur ríkissjóðs, nettó	370	325
2. Endurgreiðslur VSK af vinnu við íbúðarhúsnæði lækkaðar úr 100% í 60% frá 1. janúar 1993	480	400
3. 14% VSK á afnotagjöld útvarps og sjónvarps frá 1. júlí 1993	380	125
4. 14% VSK á bækur, blöð og tímarit frá 1. júlí 1993	800	300
5. 14% VSK á hótulgistingu og fólksflutninga frá 1. janúar 1994	550	-
6. Innheimtuáhrif	150	150
SAMTALS	2.730	1.300
Þar af í fjárlagafrumvarpi 1993		1.000
Viðbótartekjuöflun		300